

Uppsveitadeildin 2018

Flúðum, 23. mars.

Uppsveitadeild Loga, Smára og Trausta

LOGI



SMÁRI



í samstarfi við



LOGI



SMÁRI



Fimmgangur.

Föstudagskvöldið 23. mars heldur Uppsveitadeildin á Flúðum áfram og nú verður keppt í fimmgangi.

Fimm lið etja saman kappi um sigur í fimmgangskeppninni sem ávalt hefur verið jöfn og spennandi. Tvö lið eru jöfn, efst, eftir fjórganginn. Lið Hófadyns / Heklu hnakka og lið Vesturkots. Úrslit fjórgangs má sjá á vefsvæði Reiðhallarinnar, reidhollin.is.

Sigurvegurinn frá í fyrra, Hans Þór Hilmarsson, er í keppnisliði Vesturkots og er aldrei að vita nema hann endurtaki leikinn. Það er þó ljóst að keppnin um sigur er hörð.



Þrír efstu knapar í fjórgangi 2018.

f.v. Hans Þór Hilmarsson, Sara Rut Heimistöttir,
Þórarinn Ragnarsson, sigurvegari.

Fimmgangurinn hefst föstudagskvöldið **23. mars kl 19:45** með kynningu á keppendum í Reiðhöllinni á Flúðum. Forkeppnin hefst stundvíslega kl. 20:00.